

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 4. nóvember 2022
Mnr. 2022100130



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Sviðsstjóra Umhverfis- og eignasviðs dags. 4. nóvember 2022, Sunnuholt 5

Á fundi bæjarstjórnar nr. 499 þann 6. okt. sl. Samþykkti bæjarstjórn tillögu um sérstaka niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna lóða við þegar byggðar götur í Ísafjarðarbæ, sem ekki þarf að leggja í frekari kostnað við gatnagerð og eru auglýstar eru á vef Ísafjarðarbæjar.

Lækkunin er gerð á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar, sbr. 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld. Í samþykkt bæjarstjórnar var vísað til lóða skv. skipulagi við þegar tilbúnar götur.

Skilyrði fyrir niðurfellingu voru að mannvirkjagerð er lokið og innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal gera lokaúttekt á því í samræmi við ákvæði skoðunarhandbókar og skoðunarlista.

Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir lokaúttekt. Einnig getur eigandi mannvirkis óskað eftir að lokaúttekt sé gerð.

Sé ekki óskað eftir lokaúttekt innan ofangreinds tímaramma fellur niðurfelling gatnagerðargjalda úr gildi.

Sunnuholt 5, er nýstofnuð lóð úr landi Góustaða, sem er landspilda í einkaeigu. Ekki þarf að leggja í frekari gatnagerð vegna framkvæmdana og telst hverfið vera að fullu byggt. Með hliðsjón af framangreindu telur sviðsstjóri að samþykkt bæjarstjórnar ætti jafnframt gilda um nýstofnaða lóð við Sunnuholt 5